

Störf í boði hjá Arctic Fish

Arctic Fish og dótturfélög þess eru með laxeldisstarfsemi í Patreksfirði, Tálknafirði, Dýrafirði og á Ísafirði. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2011 og hefur vaxið jafnt og þétt en í dag starfa um 25 manns við seiðaeldi, sjóeldi og stjórnun, og þá starfa um 10-20 manns við byggingarframkvæmdir á nýrri fullkominni endurnýtingar seiðaeldisstöð á Tálknafirði.

Seiðaeldisstöðin er mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingar-áformum félagsins á Vestfjörðum en Arctic Fish starfar eftir hinum virta alþjóðlega umhverfisstaðli ASC. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.arcticfish.is

STARFSMENN Í SJÓELDI

Arctic Fish auglýsir eftir starfsmönnum í sjóeldisstarfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið mun verða með rekstur á sjóeldi í Dýrafirði og Patreksfirði. Umsækjendur þurfa að geta verið sveigjanlegir varðandi skipulag vakta og vinnutíma, en miðað er við að vinna á 7 daga vöktum með 7 daga frí á milli vakta.

Helstu verkefni eru fóðrun, hreinsun kvía og netapoka, almenn viðhaldsvinna og önnur tilfallandi störf við daglega umhirðu og eftirlit sjókvía.

Starfið krefst þess að starfsmenn hafi skilning á eðli framleiðslunnar og matvælaframleiðslu almennt auk véla-/tækni kunnáttu. Starfsmenn þurfa að hafa góðan samstarfsvilja, sýna frumkvæði, vera gagnvirkir í hugsun og verki, skipulagðir, snyrtilegir og nákvæmir.

STARFSMENN Í SEIÐAFRAMLEIÐSLU

Arctic Fish auglýsir eftir starfsmönnum í seiðaframleiðslu fyrirtækisins. Seiðaeldisstarfsemi fyrirtækisins er á Tálknafirði. Starfið felur í sér að vinna að skipulögðum daglegum verkefnum við fóðrun, eftirlit, mælingar, þrif og viðhaldsvinnu.

Starfið krefst þess að starfsmenn hafi skilning á eðli framleiðslunnar og matvælaframleiðslu almennt auk véla-/tækni kunnáttu. Starfsmenn þurfa að hafa góðan samstarfsvilja, sýna frumkvæði, vera gagnvirkir í hugsun og verki, skipulagðir, snyrtilegir og nákvæmir.

ALMENNT UM BÆÐI STÖRFIN

Arctic Fish auglýsir eftir starfsfólki sem hafa jákvætt hugarfar. Starfsemin er bæði á sjó og landi og þurfa starfsmenn bæði að geta sinnt störfum á sjó og landi. Seiðaframleiðslan fer fram á landi en starfsmenn í sjóeldi verja tímanum að mestu leyti út á sjó. Starfið hentar þeim sem hafa hæfni og eða reynslu af sjóstörfum. Þjálfun verður í boði fyrir starfsmenn.

Við hvetjum konur til að sækja um og viljum fjölbreytileika í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið er reiðubúið að skoða sveigjanlega vinnutíma.

Laun erum samkeppnishæf ásamt því að á komandi árum er gert ráð fyrir umtalsverðum vexti fyrirtækisins sem skapar tækifæri til vaxtar í starfi.

Umsóknir skal senda rafrænt á Kristínu Hálfhánsdóttur, skrifstofustjóra Arctic Fish á kh@afish.is. Umsókn skal innihalda stutta starfsferilskrá auk kynningarbréfs og tilgreina hvort sótt er um starf í seiðaframleiðslu eða í sjóeldi.

Umóknarfrestur er til og með 31. mars 2018.



info@arcticfish.is || www.arcticfish.is